

FÉLA2BP05

Búið til: Thu, 03 Mar 2022 09:37:38 GMT

Titill

Einstaklingurinn í samfélaginu, borgaraleg þátttaka

Skammstöfun

FÉLA2BP05

Útgáfunúmer

53

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

Borgaraleg þátttaka

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er rýnt í eigin upplifun en einnig verða frægar persónur skoðaðar og bakgrunnur þeirra. Hvert stefni ég? Hvert er félagslegt hlutverk okkar og hvernig tengist það borgaralegri aðild okkar og jafnvægi í daglegu lífi. Þátttaka og virkni er skoðuð út frá einstaklingum, menningu og samfélagi. Skoðuð verður tómstundaiðja, nám, störf, áhugamál og lífsstíl svo eitthvað sé nefnt.

Forkröfur

INN11F05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- borgaralegri aðild einstaklings
- helstu hugtökum tengt þátttöku og virkni
- tengingu við nær- og fjærumhverfi sitt sem og sjálfan sig

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í umræðum við samnemendur af virðingu
- geta tjáð skoðanir sínar á ábyrgan hátt og rökstutt þær í ræðu og riti
- draga ályktanir út frá fyrri þekkingu og ígrunda eigin skoðanir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja sig í spor annarra
- bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum
- meta mikilvægi virkrar borgaralegrar þátttöku
- geta tengt menningu og samfélag við félagslega stöðu einstaklinga

Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd